



Safnaðarblað Akureyrarkirkju

Vetrarstarfið og sóknargjöldin

Allnokkur umræða er um samband ríkis og kirkju. Samkvæmt lögum er Þjóðkirkjan sjálfstætt trúfélag og nýtur sjálfræðis gagnvart ríkisvaldinu. Þó er samband ríkis og kirkju náið hér eins og hefð er fyrir á Norðurlöndum. Ríkinu ber að styðja og vernda Þjóðkirkjuna. Það er þó misskilningur að ríkið fjármagni kirkjuna.

Starfið í Akureyrarsókn er eins og annað kirkjustarf einkum fjármagnað með sóknargjöldum. Sóknargjöldin voru upphaflega hugsuð sem félagsgjöld og lengi sáu sóknirnar sjálfar um að innheimta þau. Árið 1985 voru gerðar breytingar á lögum um sóknargjöld. Þá gátu sóknarnefndirnar ráðið hvort þær rukkuðu sjálfar inn sóknargjöldin eða fólu innheimtustofnunum viðkomandi sveitarfélaga þá aðgerð.

Þegar staðgreiðslukerfi skatta var innleitt árið 1987 urðu aftur breytingar á sóknargjöldum. Þá hætti sóknarfolk að greiða beint til sókna sinna heldur fengu Þjóðkirkjan og önnur trú- og lífsskoðunarfélög hlutdeild í þeim nýja tekjuskatti sem til varð með tilkomu staðgreiðslukerfisins. Var skatturinn hækkaður sem nam þeirri hlutdeild. Einn tilgangur hins nýja fyrirkomulags á sóknargjöldunum var að tryggja að kirkjan héldi tekjustofnum sínum óskertum.

Nú er fyrirkomulagið þannig að allir landsmenn 16 ára og eldri greiða sóknargjald með sköttum sínum. Ríkið sér um að skila gjaldinu til þeirra trú- og lífsskoðunarfélaga sem viðkomandi er skráður í. Þjóðkirkjan sem slík fær ekki sóknargjöldin heldur

sóknir Þjóðkirkjunnar. Þannig skilar ríkið Akureyrarsókn þeim sóknargjöldum sem það hefur innheimt af skráðum Þjóðkirkjumeðlimum í sókninni 16 ára og eldri.

Nú þegar vetrarstarfið í Akureyrarkirkju fer af stað er tilefni til að minna á að allt það starf er fjármagnað með sóknargjöldum meðlima Þjóðkirkjunnar í Akureyrarsókn. Bæði tónlistarstarfið og barnastarfið væri óhugsandi án sóknargjaldanna. Sóknargjöldin gera sóknarnefndinni kleift að halda við kirkjunni og tryggja að kirkjan og safnaðarheimili sé falleg umgjörð um merkileg tímamót í lífi sóknarbornanna, svo nokkur dæmi séu nefnd um það hvernig sóknargjöldin eru notuð. Þeir sem vilja fá nánari upplýsingar um fjármál Akureyrar-

sóknar er bent á ársreikninga sóknarinnar.

Enginn á að vera í trúfélagi sem hann kærir sig ekki um að tilheyrja. Ástæða er samt til að minna á að þegar fólk segir sig úr Þjóðkirkjunni bitnar það á sókninni þar sem það býr. Gjaldendum í sókninni fækkar og viðkomandi sókn verður af sóknargjöldum.

Hlutfall Þjóðkirkjufólks í Akureyrarsókn er tiltölulega hátt. Nú þegar vetrarstarfið í Akureyrarkirkju er að fara af stað þökkum við sóknarfólki framlag þess til kirkjustarfsins í formi sóknargjalda og hvetjum það til að njóta þess sem það á þátt í að skapa með framlögum sínum.

Svavar Alfred Jónsson, sóknarprestur.

Fermingarfræðsla

Fermingarfræðsla var ýtt úr vör með fermingarnámskeiði í Kirkjumíðstöðinni við Vestmannsvatn dagana 25.-28. ágúst.

Fermingarnámskeiðin eru fastur liður í fermingarfræðslu Akureyrar-

kirkju og eru skipulögð í samstarfi við grunnskólanna.

Fermingarbornin velja hvort þau vilji taka þátt í þessum upphafssamverum fræðslunnar og að þessu sinni komu um 105 börn á námskeiðin sem voru fjögur.

Fermingarnámskeiðin innihalda auðvitað fræðslu um kristna trú en einnig er lagt mikið upp úr því að eiga góðar stundir, fara í leiki og fleira.

Fermingarfræðslan hefst svo af fullum krafti þriðjudaginn 15. september, en þá mætir fyrsti hópurinn í fræðslu í Safnaðarheimili Akureyrarkirkju. Fræðslustundirnar til áramóta eru sem hér segir:

Hópur 1: Brekkuskóli kl. 15.15-17.00. (15. sept., 6. okt., 27. okt., 3. nóv og 24. nóv.)

Hópur 2: Lundarskóli kl. 15.15-17.00. (22. sept., 13. okt., 3. nóv., 10. nóv og 1. des.)

Hópur 3: Oddeyrarskóli og Naustaskóli kl. 15.15-17.00. (29. sept., 20. okt., 3. nóv., 17. nóv og 8. des.)

Stundirnar verða auglýstar í Dagskránni en einnig má nálgast upplýsingar á heimasíðu kirkjunnar, www.akirkja.is.

Fermingarfræðslan er í umsjá sr. Svavars Alfreds Jónssonar og sr. Hildar Eirar Bolladóttur.

Barna- og unglíngastarf Akureyrarkirkju

Barna- og unglíngastarf Akureyrarkirkju fer af stað aftur eftir sumarfrí miðvikudaginn 16. september. Starfið á sinn fasta stað á miðvikudögum og eru 6-9 ára krakkarnir (1.-4. bekkur) kl. 15.00-16.00 og 10-12 ára (5.-7. bekkur) kl. 17-18.00.

Æskulýðsfélagið ÆFAK er á miðvikudagskvöldum kl. 20.00-21.30. Það er Sunna Dóra Möller prestur sem sér um starfið í vetur ásamt ungleiðtogum.

Nánari upplýsingar í síma 462-7700 eða á netfanginu sunnadora@akirkja.is. Sjáumst hress og kát í vetur.



Góð þátttaka í fjölskyldumessu.

Upphaf vetrarstarfsins í Akureyrarkirkju

Fjölskylduguðsþjónusta, upphaf vetrarstarfsins í Akureyrarkirkju verður sunnudaginn 13. september kl. 11.00. Félagar úr Kór Akureyrarkirkju syngja. Organisti er Sigrún Magna Þórsteinsdóttir.

Léttar veitingar verða í boði í Safnaðarheimilinu eftir guðsþjónustuna ásamt því að unnt verður að kynna sér starf vetrarins í kirkjunni.

Sjáumst í Akureyrarkirkju í vetur.

SAFNAÐARBLAÐ AKUREYRARKIRKJU

Barnakórar Akureyrarkirkju

Barnakórarstarfið í kirkjunni er að hefjast og er margt spennandi á dagskránni í vetur.

Í kórnum er sungin fjölbreytt og skemmtileg tónlist og allir geta verið með. Áhersla er lögð á raddbeitingu, raddheilbrigði, líkamsbeitingu, hlustun og framkomu og óhætt að segja að mikil tónlistarkennsla felist í kórastarfinu auk þess sem áhersla er lögð á að góður andi sé í hópnum og að öllum líði vel.

Bæði strákar og stelpur eru vel-

komín í kórana og öll áhugasöm börn eru hvött til að taka þátt í skemmtilegu og skapandi tónlistarstarfi sem jafnframt er ókeypis. Æfingar yngri kórsins (2.-4. bekkur) eru á fimmtudögum frá kl. 15.00-16.00 og æfingar eldri kórsins (5.-7. bekkur) eru á fimmtudögum frá kl. 16.00-17.00. Sigrún Magna Þórsteinsdóttir hefur umsjón með kórastarfinu. Skráning fer fram hjá Sigrúnu Mögnu í síma 462-7700 eða sigrun@akirkja.is



Stúlknakórinn eftir tónleika.



Stuð á æfingu hjá Yngri barnakór.

Krílasálmur

Þriðjudaginn 8. september hefst nýtt Krílasálmánámskeið í Akureyrarkirkju. Námskeiðið er ætlað foreldrum 3-12 mánaða ungbarna og markmiðið er að kenna foreldrum hvernig nota má tónlist til aukinna tengsla og örvunar við börnin þeirra. Kennð eru ýmis lög og leikir og lögð áhersla á tengsl snertingar, söngs og hreyfingar. Raddir foreldranna eru þær fyrstu sem ungbörn læra að þekkja og það veitir þeim öryggi og ánægju að heyra þær. Sönghæfileikar skipta því engu máli í þessu samhengi en málið snýst fyrst og fremst um að rækta tengsl foreldris og barns! Á námskeiðinu er notast við þekkt barnalög, leiki og þulur en einnig kynnt tónlist til hlustunar og leikið með hljóðfæri.

Námskeiðið er tvisvar í viku, 45 mínútur í senn, á þriðjudögum og á föstudögum kl. 10:30 og er þátttökugjald kr. 4000 fyrir sex skipti. Skráning og nánari upplýsingar veitir Sigrún Magna í síma 820-7447, einnig má senda tölvupóst á netfangið sigrun@akirkja.is



Heillað kríli á námskeiði.

Samhygð – samtök um sorg og sorgarviðbrögð

Samhygð, samtök um sorg og sorgarviðbrögð á Akureyri og nágrenni voru stofnuð í desember 1989. Markmið samtakanna er að veita þeim stuðning sem koma að leita sér hjálpar eftir ýmis sorgaráföll er upp koma í lífinu.

Fundir Samhygðar eru í fundarsal Safnaðarheimilis Akureyrarkirkju, gengið inn hjá kapellunni. Opið hús/fundirnir og fyrirlestrar/erindi eru annan fimmtudag í mánuði og byrja kl. 20.00 og eru auglýstir í Dagskránni og á N4.

Veffang Samhygðar: www.samhygd.is

Dagskrá vertarins er í undirbúningi og verða auglýst nánar í Dagskránni og á N4.

Opið hús/fundur/fyrirlestrar vetrarins 2015—2016, eru sem hér segir: 10. september, Alþjóðadagur sjálfsvígsforvarna, minningarstund í Akureyrarkirkju, Opið hús á eftir.

8. október, auglýst síðar.

12. nóvember, verður Hulda Guðmundsdóttir með erindi um makamissi.

10. desember, erindi tengt adventunni/jólunum.

Í vetur er margt spennandi á döf-inni s.s. æfingabúðir, tónleikahald og heimsókn frá dönskum unglingakór.

Stjórnandi Stúlknakórs Akureyrarkirkju er Sigrún Magna Þórsteinsdóttir en hún er með meistaragráðu í kórstjórn og orgelleik frá Konunglega tónlistarháskólanum í Kaupmannahöfn.

Nýjar söngelskar stúlur á aldrinum 13-17 ára eru velkomnar í hópinn og til að fá nánari upplýsingar má hafa samband við Sigrúnu Mögnu í síma 462-7700 eða með því að senda henni tölvupóst á netfangið sigrun@akirkja.is

Bleik messa í Akureyrarkirkju

Í Bleiku messunni þann 25. október munu norðlenskar listakonur sjá um tónlistarflutning, við heyrum reynslu-sögu og hugleiðingu og þiggjum að

lokum fararblessun við altarið. Nánari upplýsingar þegar nær dregur, prestur sr. Hildur Eir Bolladóttir.

14. janúar, opið hús spjall og kaffi.
11. febrúar, verður Kristín S. Bjarnadóttir hjúkrunarfræðingur með erindi.

10. mars, auglýst síðar.

14. apríl, auglýst síðar.

12. maí, opið hús spjall og kaffi.

Allir velkomnir á fundi. Engin félagsgjöld en öllum velkomið að styrkja félagið með fjárframlögum á reikning 0162-26-003607, kt. 6401912289.

Stjórn Samhygðar.

Dagskrá Akureyrarkirkju veturinn 2015-2016

Fastir liðir

Sunnudagur:

Guðspjónusta í Akureyrarkirkju kl. 11.00.

Sunnudagaskóli í Safnaðarheimilinu kl. 11.00.

Fjölskylduguðspjónusta í Akureyrarkirkju kl. 11.00.

Kvöldmessur/Æðruleysismessur í Akureyrarkirkju kl. 20.00.

Mánudagur:

Sóknarnefndarfundir eru fyrsta mánudag hvers mánaðar.

Þriðjudagur:

Morgunsöngur í kapellu kl. 9:00.

Fermingarfræðsla í Safnaðarheimilinu kl. 15.15-17.00.

Æfing Kammerkórsins Ísoldar í kapellu kl. 17.30-19.30.

Æfing Kórs Akureyrarkirkju kl. 19:45-22:00.

Miðvikudagur:

Foreldramorgunn kl. 10:00-12:00.

Kirkjukrakkar í kapellu kl. 15:00-16:00.

TTT í kapellu kl. 17:00-18:00.

ÆFAK í Safnaðarheimilinu kl. 20:00-21:30.

Fimmtudagur:

Kyrndar- og fyrirbenastund kl. 12:00.

Léttur hádegisverður í Safnaðarheimilinu eftir stundina.

Æfing Yngri barnakórsins í kapellu kl. 15:00-16:00.

Æfing Eldri barnakórsins í kapellu kl. 16:00-17:00.

Æfing Stúlknakórsins í kapellu kl. 17:30-19:00.

Safnaðarblað Akureyrarkirkju

Ábyrgðarmenn: Gyða Sigþórsdóttir og Svavar Alfréd Jónsson.